



lesefni og gera sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga í nútíma samfélagi og gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóða.



## Viðmið skóla

Í Hvolsskóla göngum við út frá eftirfarandi viðmiðum í lestri. Viðmiðin sýna hversu mörg atkvæði á mínútu er ætlast til að nemendur geti lesið um að vori. Viðmiðin taka mið af því hversu færir nemendur þurfa að vera í lestri til að geta lesið sér til gagns og gamans og til þess að vera færir um að lesa það námsefni sem þeir þurfa að komast yfir. Ef viðmiðum er ekki náð þarf að huga að því hvað veldur. Oft er um þjálfunarleysi að ræða sem vinna má bót á ef allir taka höndum saman.

### Viðmið í lestri á elsta stigi 8. – 10. bekkur

8.bekkur	130	orð/mín	í maí.
9.bekkur	140	orð/mín	í maí.
10.bekkur	145	orð/mín	í maí.

Miðað er við hraða að vori fyrir hvern árgang.

 <p><b>Hlutverk skóla</b></p>	 <p><b>Hlutverk heimilis</b></p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mæta hverjum nemanda á hans forsendum.</li> <li>• Ræða efni bókarinnar og spyrja spurninga.</li> <li>• Notað fjölbreyttar kennsluáferðir í lestrarkennslu.</li> <li>• Láta nemendur lesa upphátt 3-4x í viku að lágmarki.</li> <li>• Vera vakandi yfir framförum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýna lestrarnámi barnsins áhuga.</li> <li>• Láta barnið lesa upphátt 2-3x í viku.</li> <li>• Ræða efni bókarinnar og spyrja spurninga.</li> <li>• Vera vakandi yfir framförum barnsins og leita leiða ef þær eru of hægar.</li> <li>• Fylgja leiðbeiningum sérfræðinga.</li> </ul> <p>Lestrarkennsla er samvinnuverkefni</p>

<p>nemandans og leita leiða ef þær eru of hægar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fylgja leiðbeiningum sérfræðinga.</li> </ul> <p>Lestrarkennsla er samvinnuverkefni skóla og heimilis.</p>	<p>heimilis og skóla.</p>
---	---------------------------

### **Viðbrögð ef lestrarnám gengur hægar en vonir stóðu til**

Ef framfarir í lestri eru hægar og ekki gengur eins vel og til stóð, þarf að grípa til úrræða:

- Foreldrar og umsjónarkennari þurfa að ræða málin og ganga fyrst af öllu úr skugga um að nemandi sé að fá nægjanlega þjálfun, bæði í skóla og heima fyrir, skoða hvort nálgast þurfi lestrarnám nemandans á annan hátt og hvort hann þarfnist e.t.v. tímabundinnar sérkennslu.
- Ef veikleikar virðast vera í lestrinum þrátt fyrir þjálfun er eðlilegt að vísa málinu til kennsluráðgjafa sem leggur fyrir greiningarpróf.
- Út frá skilum og leiðbeiningum kennsluráðgjafa er unnið áfram með barnið.

### **Prófanir í lestri á elsta stigi**

- GPR -próf hjá 9. bekk í íslensku að hausti (lesskilningur).
- Hraðlestrarpróf í öllum bekkjum á hverri önn (3) og oftár ef þörf krefur.
- Samræmt próf í íslensku í 9. bekk að vori.

### **Leiðir að læsismarkmiðum:**

Lestrarstundir í öllum bekkjum 20 mínútur í senn minnst 3 sinnum í viku.

Bókmenntaritgerðir í íslensku 1 sinni á vetri í öllum árgöngum.

Samfélagsfræðiritgerð 1 sinni á vetri í öllum árgöngum.

10. bekkur leikles Njálu og les síðan upp á Degi íslenskrar tungu.

Kjörbókarlestur í ensku 1 sinni á önn.

Smásögur í dönsku í öllum bekkjum.

Upplestur og hlustun. Bækur sem kennari velur.

Lestraráttak 1 sinni á vetri.

